

**Sb. 466. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]**  
um uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp nú þegar með umsömdum sex mánaða fyrirvara heimildum Færeyinga til fiskveiða með línu- og togveifarferum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, samkvæmt niðurstöðu viðræðna, sem undirrituð var hinn 20. mars 1976 og staðfest með samþykkt Alþingis hinn 18. maí 1976.

**Greinargerð.**

Eins og alþjóð er kunnugt um var sett á með reglugerð þorskveiðibann dagana 21. mars til 28. mars miðað við hádegi báða daga. Þetta er algert einsdæmi í fiskveiðisögu íslensku þjóðarinnar. Afstaða manna til þessa fyrsta algera þorskveiðibanns var þegar á heildina er litið mjög jákvæð og hannið vel virt. Þetta staðfestir það, er vel var vitað, að allir hugsandi menn gera sér fulla grein fyrir hversu alvarlegt ástand er með þorskstofninn við landið. Einnig er það öllum vel kunnugt, er um fiskveiðar hugsa og fjalla, að sóknargeta veiðiflota landsmanna er miklu meiri en svo, að núverandi þorskstofn þoli fulla og eðlilega sókn. Þegar svo er komið má öllum vera það ljóst, að ekki er lengur nein forsenda þess að veita öðrum þjóðum réttindi til þorskveiða hér við land. Þótt hér sé aðeins rætt um heimild, er Færeyingar njóta nú, mun hið sama gilda gagnvart öllum öðrum þjóðum hvað varðar veiðimöguleika á holfiski innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Við getum einfaldlega alls ekki veitt okkur þann munað að hafa opnar heimildir fyrir útlendinga til veiða á þorski hér við land um ófyrirsjáanlegan tíma. Takist hins vegar vel til með skipulegar friðunaraðgerðir og fáist fullvissa um örugga stofnstærð hrygningarfisks munum við í framtíðinni geta boðið frændum voru Færeyingum veiðimöguleika innan fiskveiðilögsögunnar.

Óþarfi er að rekja með tölum öfugþróun á aflamagni þorsks hér við land. Það er alþjóð svo vel kunnugt um.